

Skólaleikrit

NÝJU FÖTIN KEISARANS

Byggt á ævintýri H.C. Andersen

Mið- og unglíngastig

ÞÓRUNN PÁLSDÓTTIR



NÁMSGAGNASTOFNUN
2013

Persónur

KEISARI

KEISARAYNJA

HIRÐSIÐAMEISTARI

HIRÐMEY

YFIRSLOPPAVÖRÐUR

YFIRSOKKAVÖRÐUR

YFIRINNISKÓAVÖRÐUR

HIRÐRITARI

LEPPA

SKREPPUR

RÓSASTERTUR

FRÉTTAMAÐUR

FRÉTTAKONA

1. HIRÐMAÐUR

2. HIRÐMAÐUR

BARN

MÓÐIR

1. þáttur

(Sviðið er svefnherbergi keisarans. Keisarinn og keisaraynjan liggja í rúmi sínu og sofa. Skömmu eftir að tjaldið er dregið frá, kemur hirðsiðameistari keisarans (HM) og hirðmey keisaraynjunnar og þau vekja hjónin.)

Hirðsiðameistari: Vaknið, vaknið yðar náð, nýr dagur er runninn upp yfir yðar keisaralegu tign.

Keisari: Ég er vakandi. Ég hef allt of mikið að hugsa um til að ég geti sofið. Ég er svangur. Ég vil pitsu.

Keisaraynja: (vaknar, geispar og sest upp):
Ég vil líka pitsu.

Keisari: (við hirðsiðameistara):
Pantaðu pitsu hjá „Palla pitsu“. Þær eru bestar.

HM: Skal gert. (Kallar): Hirðmaður pantaðu 18 tommu pitsu hjá Palla pitsu!

(Keisaraynjan byrjar á morgunleikfimi sem hirðmey stjórnar.)

Keisari: (fer út á gólf): Hvað á ég að puða í dag?

HM: (tekur upp lista): Klukkan tíu er morgunáheyrn, klukkan ellefu morgunverður, klukkan eitt vera viðstaddur opnun rjómakökuháttíðarinnar, klukkan þrjú drekka súkkulaði, klukkan fjögur hvílast, klukkan sex segja fyrir um hvaða fötum þér klæðist við hátíðina miklu á morgun.

Keisari: Æ, já. Hátíðin mikla er á morgun. Mikill vandi er lagður á vorar keisaralegu herðar. Það er víst best að klæða sig. Kallaðu á yfirmorgunsloppavörð.

HM: Skal gert. (Kallar): Hans keisaralegu tign þóknast að fara að klæða sig. Kom þú, yfirmorgunsloppavörður.

(Yfirmorgunsloppavörður kemur. Hann klæðir keisarann í slopp.)

Keisari: Ég vil slopp númer 357 en ekki nr. 356.

Allir: Hræðileg mistök.

Keisarinn: Þú ert rekinn. Kastið honum í dýflissuna.

Yfirsloppavörður: Já, en yðar náð, sýnið miskunn. (*Hirðsiðameistari hrindir honum út.*)

Keisaraynjan: Hvað á ég að gera í dag?

Hirðmey: Þú ferð í tásnyrtingu kl. 10. Borðar morgunmat kl. 11. Ferð í andlitssnyrtingu kl. 1, síðan hvílir þú þig það sem eftir er dagsins.

Keisaraynjan: Ég er farin í sturtu. (*Hún og hirðmeyjan fara út.*)

Keisari: (*við HM*) Kallaðu á yfirsökkavörð og yfirinniskóavörð.

HM: Komið, yfirsökkavörður og yfirinniskóavörður.
(*Þeir koma inn, bugtandi og beygjandi.*)

Keisari: Þú stendur engan veginn í stöðu þinni, yfirinniskóavörður!

(*Yfirinniskóavörður verður hræddur.*)

Keisari: Þú lagðir inniskóna öfugt fyrir mig í gær.

Allir: Hræðilegt.

Keisari: Ég varð að krossleggja fætuna til að fara í skóna.

HM: Þvílíkt hneyksli.

Keisari: Og þú, yfirsökkavörður. Þú komst með föstudagssokkana mína á fimmtudaginn.

Allir: Voðalegt.

Keisari: Ég rek ykkur báða en af alkunnri mildi minni sleppi ég ykkur við frekari refsingu.

Þeir: Þakkir, þakkir yðar náð. (Þeir ganga aftur á bak og út og hneigja sig í sífellu.)

Keisari: (*Við HM*) Kallaðu á hirðritara. Ég ætla að gefa fyrirskipanir.

HM: Skal gert. (*Kallar*): Kom þú, hirðritari!

Hirðritari: (*kemur inn með skriffæri*): Hvað þóknast yðar náð?

Keisari: Hirðin skal héðan í frá hneigja sig fyrir mér við þriðja hvert skref í stað þess að gera það við fjórða hvert skref eins og hingað til.

Hirðritari: Var það eitthvað fleira, yðar náð?

- Keisari:** Nei, þú mátt fara.
- Hirðritari:** Já, takk yðar náð. (*Beygir sig og bugtar á leið út.*)
- HM:** Yðar hátign. Má ég minna yður á morgunáheyrnina?
- Keisari:** Hverjir vilja fá áheyrn í dag?
- HM:** Herforinginn, yðar náð.
- Keisari:** Æ, hvað vill hann?
- HM:** Hann segir að það hafi brotist út uppreisn í ríkinu. Það má búast við styrjöld þegar minnst varir.
- Keisari:** Ég vil ekki heyra þetta. Hvað á það að þýða að trufla mig með svona löguðu? Ég er störfum hlaðinn. Eru fleiri sem óska áheyrnar?
- HM:** Fjármálaráðherrann óskar eftir leyfi til að leggja á nýja skatta. Peningakassi ríkisins er tómur.
- Keisari:** Hann verður sjálfur að sjá um það. Hann er alltaf að röfla um skatta og aftur skatta. Ég er orðinn leiður á allri skattaþvælu. Eru fleiri?
- HM:** Tveir erlendir klæðskerameistarar.

(Keisaraynjan kemur inn, ásamt hirðmeyju sinni. Hún er klædd í baðslopp með handklæðistúrban á höfði.)

- Keisari:** (*ákafur*): Klæðskerameistarar. Ég veiti þeim áheyrn nú þegar. (Lítur niður á sig.) Ég verð að fá föt? Ég vil fá föt nr. 678 úr skáp nr. 203 strax.
- Keisaraynjan:** (*við hirðmeyju*): Ég ætla að fá föt nr. 3 úr skáp nr. 5.

(Yfirinnisloppavörður kemur inn með fatahrúgu.)

Tjaldið

2. þáttur

(Í áheyrnarsal keisarans. Tvö háseti fyrir miðju.)

Keisari: (*óþolinmóður*): Hvar eru þessir klæðskerar? Ég krefst þess að þeim sé vísað inn til mín á augabragði. (*Lagar fót sín og snurfusar sig.*): Hirðsiðameistari, vísaðu þeim þegar inn.

Hirðsiðameistari: Skal gert yðar tign. (*Opnar dyrnar, Leppa og Skreppur koma inn.*) Fyrst hneigið þið ykkur, herra minn og frú, um leið og þið haldið vísifingri hægri handar á miðju brjóstinu. Síðan gangið þið þrjú skref, hneigið ykkur, þrjú skref, hneigið ykkur þangað til þið eruð komin að sæti keisarans. (*Hátt*): Hér koma klæðskerameistararnir Leppa og Skreppur. (*Þau ganga fram og hneigja sig í sífellu, gjarnan háðslega.*)

Leppa: Yðar tign.

Skreppur: Yðar keisaralega náð.

Leppa: Yðar hávelborinheit.

Skreppur: Stórvoldugi stjórnandi.

Leppa: Prýði og djásn heimsins.

Skreppur: Sonur sólarinnar, generáll Jarðarinnar, Maharada, súltan og stórmúfti, Bombastiku, megalomanikus, paralytikus.

Keisarinn: (*lyftir báðum höndum*): Já, já þetta er nóg. Þið hafið náð mína. Segið hvað ykkur liggur á hjarta.

Leppa: Já, ég skal ...

Skreppur: Nei, ég skal ...

Leppa: (*við Skrepp*): Þegi þú, þú getur ekki ...

Skreppur: Get ég ekki ... (*argur*) Nei, nú er ég búinn að fá nóg.

Keisari: Hvað var það, sem þið vilduð?

Leppa: Við vildum gjarnan fá leyfi til að ...

Skreppur: (*grípur fram í*): sauma falleg föt ...

- Leppa:** (*grípur fram í*): Falleg föt ...
- Skreppur:** (*grípur fram í*): Fyrir yðar ...
- Leppa:** (*grípur fram í*): Tign.
- Keisari:** Þetta hljómar vel. En þetta getur nú hver og einn sagt. Hvað er það sem gerir ykkar föt betri en annarra?
- Leppa:** Okkar föt hafa merkilega eiginleika sem engin föt önnur hafa.
- Keisari:** Svooo. Hvaða eiginleika?
- Leppa:** Í fyrsta lagi vinnum við þetta allt sjálf.
- Skreppur:** Já, við vefum efnið, klippum það og saumum, þá vitum við að það verður vel gert.
- Leppa:** Og ekki má gleyma því, að litir okkar og mynstur er reiknað svo fínt út. Við þorum að segja að ekkert mannlegt auga hefur litið neitt svipað.
- Keisari:** Hvaða eiginleikar eru það?
- Skreppur:** Ég veit ekki hvort ég þori að segja það.
- Keisari:** Hvíslaðu því að mér.
- (*Skreppur hvíslar eitthvað óskiljanlegt.*)
- Keisari:** Hærra.
- (*Skreppur hvíslar hærra.*)
- Keisari:** Enn hærra, komdu bara alveg að mér.
- Skreppur:** (*leyndardómsfullur*): Föt okkar eru ósýnileg hverjum manni sem ekki gegnir vel embætti sínu, eða er ákaflega heimskur, en segðu það engum.
- HM:** (*hefur hlerað*): Þetta er mjög athyglisvert. Þetta skal í blöðin og sjónvarpið.
- Keisari:** Þetta er sniðugt. Þegar ég fer í svona föt get ég séð hvaða menn í ríki mínu gegna ekki embættum sínum vel og ég get aðskilið heimsku og vitra. Þessi föt verð ég að fá. Byrjið strax, á stundinni.
- Skreppur:** Við byrjum þá strax. En ættum við ekki fyrst að tala um hm – hm – ah ...

- Keisari:** Launin skipta engu máli. Ef fötin eru eins og þið segið, skal ég launa ykkur konunglega, ég meina keisaralega.
- Skreppur:** Við þökkum auðmjúklegast. Við þurfum að fá einkastofu, þar sem við getum unnið við vefnaðinn.
- Leppa:** Já, og eina milljón króna vegna fyrstu útgjalda, svona til að byrja með.
- Skreppur:** Og svo þyrftum við meira eftir því sem vinnan gengur.
- Leppa:** Og svo verða allar silki- og gullbúðir að láta okkur hafa það sem við þurfum á reikning keisarans.
- Keisari:** Já, já, eins og þið viljið. En þá verðið þið að flýta ykkur. (*Kallar.*) Kom þú Rósastertur. (*Rósastertur kemur.*) Rósastertur yfirfatavörður mun sjá um að allt sé eins og þið óskið.
- Rósastertur:** Sem yður þóknast.
- Keisari:** Fötin verða að vera tilbúin á morgun fyrir hátíðina miklu. Þá geta allir séð mig og ég get séð hverjir eru ... heimskir og hverjir vitrir í ríki mínu.
- HM:** Yðar náð. Fréttamenn frá sjónvarpi og útvarpi vilja fá viðtal.
- Keisari:** Vísið þeim strax inn. (*Lagar sig allan til.*)
- (*Fréttamaður og fréttakona koma inn ásamt ljósmyndara.*)
- Fréttakona:** Nú er styrjöld í aðsigi. Hvað segir yðar hátign um það?
- Keisari:** Ég vil ekkert segja um það að svo stöddu.
- Fréttamaður:** Fjárhirslur ríkisins eru tómar. Hvað er til ráða?
- Keisari:** Fjármálaráðherrann finnur örugglega einhver ráð.
- Fréttakona:** Búist er við þúsundum manna á hátíðina á morgun. Hvað munið þér segja þjóðinni þegar þér ávarpið hana frá svölum hallar yðar?
- Keisari:** Það kemur í ljós.
- Fréttakona:** Það hefur borist um ríkið að þér hafið ráðið klæðskerameistara til að sauma á yður hátíðarbúning fyrir morgundaginn.
- Keisari:** (*lifnar við*): Já, og ég mun klæðast dýrlegasta búningi sem nokkur keisari hefur klæðst.

Fréttamaður: Við bíðum öll spennt eftir að sjá yðar hátign.

HM: Viðtalinu er lokið herrar mínir. Þið eruð beðnir um að yfirgefa hans keisaralegu náð.

(Fréttamenn og myndatökumenn fara bugtandi út.)

Tjaldið

3. þáttur

(Vinnustofa klæðskera. Leppa og Skreppur sitja í hægindum sínum á stól með vefstól fyrir framan sig. Leppa er með nál í fötunum sem hún tekur upp þegar hún læst sauma. Þau eru með gosflösku og sælgæti í höndunum og njóta þess að borða og drekka með innlifun.)

Skreppur: Við tókum laglega á keisaranum og hans liði.

Leppa: Hvað eigum við að gera við peningana? Mig langar að kaupa pels.

Skreppur: Við skulum ferðast um allan heiminn.

Leppa: Dásamlegt að slappa svona af.

Skreppur: Þetta er það albesta sem okkur hefur nokkurn tíma dottið í hug. Við hljótum að geta notað þetta bragð annars staðar.

Leppa: Já, en fyrst verðum við að plata nóg út úr þeim hérna. Við verðum ekki í vandræðum með minn heila og þína kænsku.

Skreppur: Það besta af þessu öllu saman er að það kemst aldrei upp. Fólkið er svo heimskt – en enginn vill viðurkenna það – og þess vegna munu allir láta sem þeir sjái fötin okkar.

Leppa: Ég hlakka til að sjá þann fyrsta sem kemur til að skoða fötin. Sá held ég reki upp stór augu.

Skreppur: Það verður dýrðlegt.

Leppa: Heyrðu, það er einhver að koma. Ég heyri fótatak. Felum flöskurnar. Flýttu þér. *(Þau fela flöskurnar og látast vera að keppast við.)*

Rósastertur: *(kemur í dyragættina, einungis höfuð hans kemur í ljós):* Má ég koma inn?

Leppa: *(hleypur að dyrunum og opnar, hneigir sig):* Ó, afsakið, herra Rósastertur yfirlatastörður. Við heyrðum ekki þegar þér kölluðuð í fyrra skiptið. Þér megið koma inn eftir eitt augnablik, við eigum mjög annríkt.

Skreppur: *(hamast við að vefa, talar hátt):* Við verðum að vinna í alla nótt, ef fötin eiga að verða tilbúin fyrir hátíðina miklu.

Rósastertur: *(kemur inn):* Keisarinn hefur beðið mig að fara hingað og athuga hvernig vinnan gangi. Eh – hm – Hvar eru fötin?

- Leppa:** Hvar? Ha, ha. Herrann getur ekki séð skóginn fyrir trjám.
- (Rósastertur horfir lengi agndofa á Skrepp, þar sem hann keppist við að „vefa“.)*
- Leppa:** Gjörðið svo vel, gangið nær.
- Rósastertur:** Eh ... öh ... hm.
- Leppa:** Þessu höfðuð þér ekki búist við. Var það?
- Rósastertur:** Nei, ég verð að segja – hm – að ég hm – öh.
- Leppa:** Þér eruð forviða ekki satt?
- Rósastertur:** Jú, óneitanlega. Ég hafði ekki hugsað mér að ...
- Skreppur:** *(grípur fram í):* Fötin væru svona falleg. Nei, það get ég skilið. En við höfum líka verið sérlega heppin.
- Leppa:** Já. Það er ekki hægt að segja annað en að við höfum verið heppin.
- Rósastertur:** Hvað eigið þér við?
- Leppa:** Við eigum við, að það er mikið lán að koma til lands þar sem fatasmekkur er á svo háu stigi.
- Skreppur:** Lítið bara á þessa liti. Hafði þér nokkurn tíma á ævinni séð aðra eins litadýrð?
- Rósastertur:** Nei, ég verð að viðurkenna ...
- Leppa:** *(grípur fram í):* Ég vissi það. Litirnir eru líka mjög sjaldgæfir. Ég leyfi mér að segja – án þess að hæla mér, að enginn þekkir þá nema við.
- Skreppur:** Það eru margir, herra, sem hafa reynt að líkja eftir okkur en engum tekst það.
- Leppa:** Hvað mynduð þér nú kalla þennan lit? Þér verðið að geta sagt keisaranum eitthvað um fötin.
- Rósastertur:** Tja – öh – jú – öh – hm, ég myndi segja ja, ég myndi, ég held að það sé best að þið segið mér frá litunum.
- Skreppur:** Eigum við að segja yður frá litunum, herra?
- Rósastertur:** Já, takk, ef þið vilduð gera svo vel. Ég skal nefnilega trúá ykkur fyrir leyndarmáli, ef þið lofið að segja engum frá því.

- Skreppur:** Við erum þögul eins og gröfin.
- Rósastertur:** Það er nefnilega þannig, að þegar ég var barn datt ég ofan af bílskúr föður míns sáluga. Síðan hef ég verið dálítið – öh – dálítið ...
- Leppa:** Dálítið ruglaður?
- Rósastertur:** Ne, nei, nei, sei, sei, nei. Aðeins dálítið litblindur. Ef keisarinn fengi að vita það, myndi ég missa starfið.
- Skreppur:** Þér þurfið ekkert að óttast, herra. Við segjum ekki neitt.
- Leppa:** En takið nú vel eftir svo þér munið þetta. Fötin eru því sem næst græn.
- Rósastertur:** Græn, jú, nú sé ég þetta greinilega.
- Leppa:** Já, græn með bláum grunnlit.
- Skreppur:** Sem verður rauður.
- Leppa:** Nema í dagsljósi, þá verður hann nefnilega gulur.
- Skreppur:** En í gerviljósi er hann fjólublár.
- Rósastertur:** (*gersamlega utan við sig*): Fjólublár, jahá.
- Skreppur:** En í diskóljósi karrígulur.
- Leppa:** Heldur herrann að hann muni þetta nú?
- Rósastertur:** Já, ég held það. Nú sé ég þetta líka greinilega fyrir mér. Dásamlegt.
- Skreppur:** Þér megið ekki gleyma að segja frá pólidöngunum.
- Rósastertur:** Þér meinið pólí
- Skreppur:** Pólidöngunum. Aa, afsakið, þér skiljið auðvitað ekki fagmálið. Pólidangarnir eru gullþræðirnir sem mynda mynstrið í efninu.
- Rósastertur:** Jú, auðvitað þekki ég pólí ... eh, hm.
- Skreppur:** Pólidangarnir. Svo megið þér ekki gleyma að lýsa mynstrinu. Ég held að óhætt sé að segja, að keisarinn hafi aldrei séð annað eins.
- Rósastertur:** Áreiðanlega ekki, það er dásamlegt, furðulegt.
- Leppa:** Ég myndi kalla það sismofyst.

- Skreppur:** Það var rétta orðið. Munstrið er algerlega sismofyst. Virðist yður það ekki einnig, herra Rósastertur?
- Rósastertur:** Jú, afdráttarlaust. Þetta er það sismofysasta mynstur, sem ég hef nokkurn tíma séð.
- Leppa:** Það gleður okkur að heyra, hvað þér eruð mikill smekkmaður.
- Rósastertur:** En nú verð ég að flýta mér til keisarans og segja honum allt þetta áður en ég gleymi því.
- Leppa:** Gleymið því ekki að liturinn er rauður, með grænum grunnlit sem verður blár, nema í dagsljósi fjólublár, en gulur í gerviljósi og karrígulur í diskóljósi.
- Skreppur:** Já, og munið að pólídöngin eru sismófus.
- Rósastertur:** Ég skal engu gleyma. Til þess hafa fötin haft allt of mikil áhrif á mig. En þið lofið að segja engum frá eh ... uh ... leyndarmálinu.
- Skreppur:** Leyndarmáli?
- Rósastertur:** Já, þið munið, þarna með bílskúrinn og höfuðið.
- Skreppur:** Já, ég skil. Verið bara rólegir. Við skulum ekki kjafta frá bílskúrnum.
- Leppa:** Viljið þér biðja gullsmiðinn að senda okkur 10 kíló af gullþræði?
- Rósastertur:** Ég skal sjá um það. Verið þið sæl og ég lofa ykkur því að keisarinn skal fá hinar fegurstu lýsingar á fötunum.
- Skreppur:** Þakka yður kærlega fyrir, herra Rósastertur (*hneigir sig djúpt.*) Verið þér sælir.
- Leppa:** Verið þér sælir.
- (*Þegar Rósastertur er farinn út fara þau að skellihlæja.*)
- Skreppur:** Þessi var skritinn. Sá lét okkur gabba sig rækilega.
- Leppa:** Ég er dauðþreytt eftir þetta. Nú skulum við slaka vel á og klára sælgætið okkar.
- (*Þau setjast og láta fara vel um sig.*)
- Leppa:** Ég heyri umgang frammi, fljótur að störfum.

(Keisarinn og Rósastertur koma inn og standa fremst á sviðinu meðan samræður þeirra fara fram. Skreppur og Leppa veita þeim enga athygli en þykjast vinna af kappi.)

- Keisari:** Nú, fljótt, út með það. Hvernig gengur? Hvernig eru fötin?
- Rósastertur:** *(hneigir sig):* Yðar náð.
- Keisarinn:** Hættu þessum hneigingum. Flýttu þér að segja mér hvernig þetta lítur út.
- Rósastertur:** *(heldur hneigingunum áfram):* Já, en herra keisari. Reglurnar segja að við eigum að hneigja okkur þrisvar.
- Keisarinn:** Til fjandans með allar reglur. Ég er að springa í loft upp af forvitni.
- Rósastertur:** Yðar tign getur verið róleg. Fötin eru fullkomlega virði allra þeirra milljóna króna sem þau hafa kostað. Þetta eru fegurstu föt, sem ég hef augum litið.
- Keisari:** Það gleður mig, það gleður mig. En nánari lýsingu, nánari lýsingu.
- Rósastertur:** Já, eh, hm, liturinn er því sem næst gulur.
- Keisari:** Frábært. Þá getur fólkíð séð mig þegar sólin skín á gula litinn.
- Rósastertur:** Og grunnliturinn er fjólublár.
- Keisari:** Afbragð.
- Rósastertur:** En á hann slær grænum ljóma, nema í dagsljósi, þá er hann rauður ... en hins vegar er hann eh – hm brúnn í gerviljósi og bananablár í diskóljósi.
- Keisari:** Þetta hljóta að vera merkileg föt.
- Rósastertur:** Merkileg – Það er ekki rétta orðið. Fötin eru popo – popo – popo –
- Keisari:** Popo hvað?
- Rósastertur:** Þau eru popolang. Veit yðar hátign ekki hvað popolang er?
- Keisari:** Jú, auðvitað. Hvað er svo sem með þetta popolang?
- Rósastertur:** Það er algerlega mykofyst.
- Keisari:** Mykofyst?
- Rósastertur:** Já, þetta er það mykofysasta sem ég hef séð.

Keisari: *(skilur ekkert en læst auðvitað skilja):* Hm – já, það er einmitt. Þessi fót langar mig til að sjá. Eru þau tilbúin?

Rósastertur: Já, þau eru þegar tilbúin.

Keisari: Þrýðilegt. Sjáðu um að Leppa og Skreppur fái riddarakrossinn og tilkynntu hirðinni, að ég ætli að klæðast fötunum á skrudgönguhátíðinni miklu á morgun.

Rósastertur: Skal gert, yðar hátign.

Tjaldið

4. þáttur

(Hirðsiðameistarinn, Leppa og Skreppur. Keisaraynjan, hirðmey, 1. hirðmaður og 2. hirðmaður, Rósastertur og keisari á sviði.)

Keisari: (við Leppu og Skrepp): Hér með er ykkur veittur titillinn „Keisaralegir hirðklæðskerar“. (Þau krjúpa fyrir framan keisarann og hann hengir orður á brjóst þeirra. Þau standa upp og hneigja sig djúpt fyrir keisaranum.)

Allir: Lengi lifi hans keisaralega náð. Húrra.

HM: (klappar saman lófunum): Hans keisaralega tign hefur nú ákveðið að klæðast hátíðafötunum. Ég vil biðja fröken Leppu og herra Skrepp að færa hans hátign í skrúðann.

Leppa: Leyfið okkur nú að færa yður úr gömlu fötunum, svo að við getum klætt yður í hin nýju. Vill Hirðsiðameistarinn koma með spegil. (HM stillir spegilinn fyrir keisara.)

Skreppur: Skikkjuna – (Færir hann úr skikkjunni. Hirðmaður tekur við fötunum.) – takk, takk. Og svo buxurnar – (Færir hann úr buxunum.) – takk, takk. (Keisarinn er nú eingöngu í silkinærbuxum með blúndu.) En smekklegar silkinærbuxur. Leppa komdu með nýju fötin.

Leppa: (ber sig til eins og hún haldi á einhverju á handleggnum): Hérna gerðu svo vel. – (Leggur „fötin“ á handlegg Skrepps og tekur svo „eitthvað“ af handlegg hans aftur.) Þau eru létt eins og köngulóarvefur. Gerið svo vel, hérna koma buxurnar. (Klæðir keisarann í „buxurnar“.) Svona já – hvað er þetta? Þarna er laus þráður. Skreppur komdu með skærin. (Skreppur réttir skærin. Hún klippir þráðinn.): Þá er það búið. Nú er þetta líka glæsilegt. Þær falla svo vel að líkama yðar. Þetta er gasalega lekkert. Þrengja þær nokkurs staðar að?

Keisari: Þrengja? Nei, ekki hið minnsta. (Lítur undrandi niður á sig.)

Leppa: Nei, það gat varla verið. Jæja, þá er það skikkjan. (Tekur „skikkjuna“ af handlegg Skrepps og klæðir keisara í hana.) Svona já, þetta er fínt. En hún fer ekki rétt vel hérna. (Fálmar undir handarkrika keisara.)

Keisari: (kippist við og skrækir): Hættu, þú kitlar mig.

Leppa: Afsakið keisari, en ég verða að lyfta handleggjunum. (Kitlar hann aftur.)

(Keisari skrækir aftur.)

- HM:** Hættu, fröken Leppa.
- Leppa:** Já, nú er ég búin. (*Gengur frá og virðir keisara fyrir sér.*) Þetta fer yður aldeilis dásamlega. Þetta er allra nýjasta tíska. Þetta er gasalega fínt.
- Skreppur:** Maður gæti haldið að maður væri ekki í neinu. Það er það fína við þetta.
- Keisari:** Hvernig finnast ykkur fötin, herrar mínir og frúr?
- Keisaraynjan:** Ó, þú ert svo sætur. Þú ert algjört krútt, ástarkroppurinn minn.
- HM:** Segið álit ykkar. Keisarinn bíður.
- 1. hirðmaður:** (*ruglaður*): Mér – mér virðast fötin eins og steyp.
- 2. hirðmaður:** (*ruglaður*): Já – já, alveg eins og steyp.
- Rósastertur:** Hvað segið þið um popolangana, gott fólk?
- Hirðmey:** P-p-p-popolangana. D-d-d-dásamlegir.
- 1. hirðmaður:** Fólkid verður yfir sig hrifið.
- Keisari:** Haldið þið það virkilega?
- HM:** Á því er enginn vafi. Virðist yðar hátign þetta ekki vera falleg fót?
- Keisari:** Júú – það sýnist mér.
- Rósastertur:** Sýnist ykkur gott fólk að þessi fót séu myskostís?
- Hirðin:** (*hver upp í annan*): Jú, það er einmitt það sem þau eru.
- Leppa:** Það gleður okkur að allir eru ánægðir með fötin.
- Skreppur:** Og nú kemur slóðinn. Leyfið mér að festa hann á yðar keisaralegu herðar. Viljið þér aðeins lyfta höndunum?
- Keisari:** Þú mátt ekki kitla mig.
- Skreppur:** Nei, nei. Ég lofa því. (*Baukar við að festa „slóðann“.*) Svona, lítið nú í spegilinn og sjáið hvað þetta fer yður vel.
- Leppa:** (*við einhverja tvo við hirðina*): Viljið þið gera svo vel að halda uppi slóðanum? Vilduð þér halda í þetta horn? (*Réttir „hornið“ að þeim fyrri.*) Og þér í þetta. (*Sömu aðfarir.*) Passið nú að slóðinn dragist ekki í gólfið, hann er það dýrmætasta af öllum fatnaðinum.

HM: Er þá allt í lagi?

Skreppur: Jú, það held ég.

HM: Göngunni miklu verður háttað þannig:
Fyrstir fara riddararnir, síðan hljómsveit, þá hans hátign undir silkihimni,
sem borinn verður af fjórum hertogum. Næst kem ég, þá erkibiskupinn,
borgarstjórinn, ráðherrarnir og alþingismennirnir. Er þetta ljóst?

Allir: Já, já.

HM: Höldum þá af stað.

Tjaldið

5. þáttur

(Öll hersingin kemur út um dyrnar við hlið sviðsins eða einhvers staðar úr sal og gengur að sviðinu. Tjöldin eru fyrir en á pallinum fyrir framan þau eru svalir og stíga keisarahjónin inn fyrir grindverkið. Lúðrar eru þeyttir er keisarinn ásamt fylgdarliði gengur upp á pallinn.)

HM: Hans keisaralega tign mun nú ávarpa þjóðina.

Keisari: *(stendur á svölunum)* Kæru þegn ...

Barn úr sal: *(barn sem situr framarlega í salnum stendur upp og bendir á keisarann):*
Hann er ekki í neinum fötum.

Móðir barnsins: Uss. Hvaða vitleysa er þetta í þér barn!

Barn: Víst. Hann er bara á nærbuxunum.

Móðir: Ertu viss?

Barn: Já. Hann er næstum því berrassaður.

HM: Keisarinn hefur gleymt að klæða sig.

Hirðin: Hann er ekki í neinum fötum.

Rósastertur: *(reynir að þagga niður í þeim):* Uss. Þið eruð bara of heimsk. Sjáið þið ekki litina?

(Keisarinn leggur hendurnar yfir brjóst og mjaðmir og felur sig fyrst á bak við keisaraynjuna en hleypur síðan út.)

Keisaraynjan: Bíddu eftir mér ástarkroppurinn minn. *(Hún rýkur út á eftir honum.)*

Tjaldið